

Hreyfingalisti fjárhags

Hreyfingalisti fjárhags sýnir alltaf raunstöðu á hverjum tíma. Hreyfingalistinn sýnir allar bókanir sem gerðar hafa verið í fjárhag (GL) og einnig þær færslur sem hafa verið fluttar úr undirkerfum eða öðrum kerfum utan Orra inn í fjárhag (GL).

Til að keyra hreyfingalista í **raunkerfinu** er farið inn í aðalvalmynd Oracle kerfisins, gegnum **GL aðgang, t.d. GL lesaðgang, GL fjármálastjóri** eða **GL bókari**. Síðan er valið **skýrslur, keyrsla** og að lokum **staðlað**.


Heimasíða Oracle viðskiptalausna

The screenshot shows the Oracle system main menu (Aðalvalmynd) on the left and the report list (Verkefnalisti) on the right. In the main menu, a path is highlighted with red boxes: 1. RÍKI GL Lesaðgangur, 2. Skýrslur, 3. Keyrsla, 4. Staðlað. The report list shows a table with columns: Frá, Tegund, Efni, Sent, Til afgr. fyrir. Below the table, there are two tips: TIP Orlofsreglur and TIP Vinnulistaáðgangur.

Velja Gangsetja keyrslu

The screenshot shows the 'Finna keyrslur' dialog box. It has several radio buttons for selection: Keyrslum lokið, Keyrslur í vinnslu, Allar keyrslur (selected), and Sérstakar fyrirspurnir. Below these are input fields for: Keyrslunúmer, Heiti, Keyrsla samþykkt, Keyrslu lokið, Staða (dropdown), Áfangi (dropdown), and Umbeðið af. There is a checkbox for 'Sýna keyrsluset' and a dropdown for 'Raða eftir' set to 'Keyrslunúmer'. At the bottom, there is a field 'Veljið fjölda daga til að skoða:' set to '2'. A red box highlights the 'Gangsetja keyrslu...' button.


Velja Stök keyrsla og í lagi



Í heiti er valið **hreyfingalisti fjárhags** eða skráð inn **hr** og ýtt á tab takkann á lyklaborðinu.

Í rekstrareining er valið rekstrareining stofnunar sem er annað hvort stofnananúmerið eða skammstöfun stofnunar dæmi 02237 Tækjasjóður eða FJS (Fjársýslan 09103) þetta er mismunandi eftir stofnunum. Athugið stofnanir sjá einungis sína rekstrareiningu.

Hægt er að endurkeyra gamlar keyrslur með því að velja hnappinn **Afrita**.




Upplýsingar um færíbreytur hreyfingalista.

1. **Tegund skýrslu:** Hægt er að velja um 6 mismundandi uppsetningar á hreyfingalistanum.



2. **Birta upphafsstöður:** Á að birta stöður frá fyrra ári.
3. **Úttak:** Hægt er t.d. að keyra út hreyfingalistann á PDF formi og Excel.



4. **Bókunarlykill frá og til:** Birtir allan bókunarstrenginn, hægt er að leita eftir þessum forsendum.

	Frá	Til
Viðfang	0	Y
Stofnun	09103	09103
Tegund	0	Y
Bókunartákn	0	Y
Kennitala	0	Y
Vídd 1	0	Y
Vídd 2	0	Y
Vídd 3	0	Y
Innbyrðisviðskipti	0	Y

5. **Fylgiskjalaflokkur:** Leitað eftir tilteknum fylgiskjalaflokki.
6. **Fylgiskjöl frá og til:** Leitað eftir tilteknum fylgiskjölum.

7. **Upphæð frá og til:** Ef finna á ákveðna fjárhæð er sett sama talan í **upphæð til og frá**.
8. **Valsvæði 1, 2 og 3:** Hvaða viðbótar upplýsingar viltu hafa sýnilegar í hreyfingalistanum.
9. **Uppruni:** Takamarka skjal við uppruna t.d. launakeyrsla eða innkaupakort.
10. **Mynt:** Skoða stöður í erlendri mynt. Til dæmis stöðu í erlendri mynt á gjaldeyrisreikningum.
11. **Tegund dagsetningar:** Er samkvæmt dagsetningu fylgiskjals en hægt er að fá það birt út frá bókunardagsetningu bunka.
12. **Birta núll línu:** Staðan almennt nei. Hægt er að velja að núll línur komi fram með að því að velja já.

Það þarf að fylla út í reiti sem eru gulir til þess að hægt sé að keyra skýrsluna. Þegar búið er að fylla út í færíbreyturnar er valið í **lagi** og síðan **gangsetja**.

Þegar búið er að velja **Gangsetja** þá kemur upp þessi mynd þar sem hægt er að velja á milli þess að hefja aðra keyrslu eða ekki.

Ef valið er **Já** þá er farið strax í sömu mynd og hér fyrir ofan og næsta skýrsla er keyrð. Ef valið er **Nei** þá er farið í sækja valda skýrslu.

Ýta þarf á hnappinn **Uppfæra gögn** regulega þangað til staðan á keyrslunni er orðin **Lokið Venjulegt**.

Keyrslur

Uppfæra gögn Finna keyrslur Gangsetja nýja keyrslu...

Keyrslunúmer	Heiti	Yfirlit	Áfangi	Staða	Færibreytur
40447034	Hreyfingalisti fjárhags		vinnslu	Eðlilegur	2, 50190, 1, N, PDF, 06236, 2
40446897	Hreyfingalisti fjárhags		Lokið	Venjulegt	2, 50190, 1, N, PDF, 06236, 2
40445564	Stöðuuppfærsla á bókhaldi		Lokið	Venjulegt	200, , , 225308, A
40445556	TB Worker 1 (Vinnsla gagr		Lokið	Venjulegt	2, 8239109, , 40445554, Paya
40445554	Opna gagnastjóra reiknings		Lokið	Venjulegt	, 2, 8239109, , , Payables,
40445553	Bókun: Stök fjh.eining		Lokið	Venjulegt	2, 1006, 50190, 1030935
40445534	Journal Import		Lokið	Venjulegt	2309302, -602, N, , , N, N, Y
40445528	Hreyfingalisti		Lokið	Venjulegt	, , , , 2014/01/01 00:00:00, 20
40445527	Bókhaldsforrit		Lokið	Venjulegt	200, 2, 2014/02/05, F, N, 2253
40445519	Stofna bókhald		Lokið	Venjulegt	200, 200, Y, 2, , 2014/02/05 0

Geyma keyrslu Skoða upplýsingar... Skoða úttak

Hætta við keyrslu Greining Skoða atburðaskrá...

Þegar staðan er orðin **Lokið Venjulegt** þá er smellt á hnappinn **Skoða úttak** til þess að opna hreyfingalistann.

Hreyfingalistinn opnast í því formi sem hann var valinn t.d. PDF eða Excel (Sjá færirbreytur hreyfingalistans nr.3).

Keyrslur


Uppfæra gögn Finna keyrslur Gangsetja nýja keyrslu...

Keyrslunúmer	Heiti	Yfirlit	Áfangi	Staða	Færibreytur
40446897	Hreyfingalisti fjárhags		Lokið	Venjulegt	2, 50190, 1, N, PDF, 06236, 2
40445564	Stöðuuppfærsla á bókhaldi		Lokið	Venjulegt	200, , , 225308, A
40445556	TB Worker 1 (Vinnsla gagr		Lokið	Venjulegt	2, 8239109, , 40445554, Paya
40445554	Opna gagnastjóra reiknings		Lokið	Venjulegt	, 2, 8239109, , , Payables,
40445553	Bókun: Stök fjh.eining		Lokið	Venjulegt	2, 1006, 50190, 1030935
40445534	Journal Import		Lokið	Venjulegt	2309302, -602, N, , , N, N, Y
40445528	Hreyfingalisti		Lokið	Venjulegt	, , , , 2014/01/01 00:00:00, 20
40445527	Bókhaldsforrit		Lokið	Venjulegt	200, 2, 2014/02/05, F, N, 2253
40445519	Stofna bókhald		Lokið	Venjulegt	200, 200, Y, 2, , 2014/02/05 0
40444995	Lokaundantekningaskýrsla		Lokið	Venjulegt	2, , , 10-13, PERIOD_CLOSE_

Geyma keyrslu Skoða upplýsingar... Skoða úttak

Hætta við keyrslu Greining Skoða atburðaskrá...

Ef keyra á aðra keyrslu eða skoða þær skýrslur sem búið er að keyra er hægt að fara í **skoða** og síðan **keyrslur**.



Þá birtist þessi mynd og velja þarf **gangsetja keyrslu** til að keyra nýja skýrslu.

Ef sækja á skýrslu sem búið er að keyra er hnappurinn **Finna** valið þá birtast skýrslur sem hafa verið keyrðar síðustu 2 daga. Ef þið viljið ná í skýrslu sem var keyrð fyrir 4 dögum þarf að breyta tölunni í **fjöldi daga til að skoða** í 4.

